

Kennari:
Líf Anna Nielsen
Sindri Þór Guðmundsson

Kennslufyrirkomulag:
Kennsla inn í bekk

Tímafjöldi:
7 kennslustundir

Bekkur:
4. bekkur

Íslenska

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Lestur er undirstaða alls náms og öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar. Jafnframt er tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Skólinn verður í upphafi skólagöngu virkur þátttakandi í máluppeldi barna ásamt heimili þeirra.

Mikilvægt er að grunnskólanám í íslensku sé heildstætt. Það er hlutverk íslenskukennara að stuðla að því að nemendur öðlist þekkingu á tungumálinu og leikni í að nota það við sem fjölbreytilegastar aðstæður. Leitast er við að vekja áhuga nemenda á tungumálinu, að þeir þekki helstu hugtök þess og hlutverk í málinu og fái æfingu í að beita þeim. Lögð er áhersla á lestur og læsi, þar sem nemendur þjálfast í að leita sér upplýsinga úr margvíslegum miðlum, ásamt því að efla áhuga á bókmenntum og lestri. Lögð er áhersla á góðar skriftarvenjur, skipulag og úrvinnslu. Nemendur þurfa að fá tækifæri til þess að láta reyna á mál sitt við að leysa viðfangsefni og tjá hugsun sína og skoðanir við sem flest tækifæri en gott vald á munnlegri tjáningu nýtist í öllum námsgreinum. Vekja þarf athygli þeirra á einkennum málsins, töfrum þess og mætti. Skólastofan á að vera vettvangur umræðu, samskipta af ýmsu tagi, lestrar og ritunar þar sem mikilvæg og áhugaverð verkefni eru krufin.

Hæfniviðmiðum íslensku er skipt í fjóra flokka, talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Þessir flokkar eru samofin heild þar sem hver flokkur getur haft gagn af öðrum og mikilvægt að hafa það í huga í kennslu.

Íslenska

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemendur geti:</i>	Leiðir:
Talað mál, hlustun og áhorf	Lesrún 1 og 2 Ritrún 1, 2 og 3 Skrift 2, 3 og 4 Málfræðihefti	<ul style="list-style-type: none"> – beitt skýrum og áheyrilegum framburði og nýti sér um leið helstu greinarmerki við upplestur – hlustað og horft með athygli, fylgi söguþræði og geti greint frá upplifun sinni – farið eftir samskiptareglum, tekið þátt í umræðum, hlustað og sýnt kurteisi – tjáð sig með aðstoð leikrænna tjáningar – nýtt og endursagt efni af rafrænu formi sem og öðrum miðlum – gagnrýnt á uppbyggilegan hátt – endursagt efni sem hlustað hefur verið á, lesið eða eftirminnilegum atburði – komið fram fyrir framan hóp 	Innlagnir Lesið, spurt og spjallað Þjálfunaræfingar Rafræn hjálpartæki Einstaklings
Lestur og bókmenntir	Lesskilningshefti Læsi fyrir lífið: <i>Gagnvirkur lestur</i> Lestrarbækur Ítarefni frá kennara Sögu stílabækur	<ul style="list-style-type: none"> – þekkt algengar orðmyndir – lesið sögur sér til ánægju, skilnings og unnið með hann – lesið ævintýri, sögur og ljóð – endursagt sögu í aðalatriðum og spáð fyrir um framhald sögu (forspá) – þekkt og beitt hugtökum eins og persóna, söguþráður, umhverfi og boðskapur – beitt algengum hugtökum í bragfræði svo sem rím, kvæði, vísu og ljóðlínu – lesið og aflað sér upplýsinga á rafrænu formi 	vinna Paravinna Hópavinna Gagnvirkur lestur Söguaðferðin Námsleikir Spil Stöðvavinna Sjálfsmat
Ritun		<ul style="list-style-type: none"> – dregið rétt til stafs og skrifað íslensku skýrt og læsilega – nýtt sér hugtökin upphaf, meginmál og niðurlag í byggingu texta – samið og skrifað texta frá eigin brjósti s.s. sögur, ljóð, skilaboð o.fl. 	

		<ul style="list-style-type: none"> – beitt einföldum stafsetningarreglum og þekki tiltekin hjálpargögn við hæfi – skrifað texta í tölvu og beitt einföldum aðgerðum í ritvinnslu 	
Málfræði		<ul style="list-style-type: none"> – eitt orðaforða og málskilningi í töluðu og rituðu máli af nokkru öryggi – gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingaorða og sagnorða – unnið með kyn, tölu og fall nafnorða – unnið með nútíð og þátíð sagnorða – raðað í stafrófsröð og þekki notagildi þess við leit og skipulag – þekkt algeng orðtök og málshætti – unnið með hugtökin hljóð, bókstafur, setning og málsgrein – unnið með og þekkt: <ul style="list-style-type: none"> • Samheiti og andheiti • Eintölu og fleirtölu • Samsett orð • Sérnöfn og samnöfn • Sérhljóða og samhljóða 	
Námsmat:	Námsframvinda og hæfni nemenda er metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemendi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága